

EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL STJÓRNAR KVÍKU BANKA HF.
Á AÐALFUNDI BANKANS SEM HALDINN VERÐUR 26. MARS 2020:

Guðmundur Þórðarson er varaformaður stjórnar. Hann var kjörinn í stjórn bankans í mars 2017. Guðmundur er fæddur árið 1972. Hann útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997. Einnig hefur hann lokið prófi í verðbréfamiðlun og eignastýringu í Bretlandi. Guðmundur starfar að aðalstarfi við eigin fjárfestingar. Frá árinu 1997 til 2000 starfaði Guðmundur við eignastýringu hjá Landsbréfum hf. Frá árinu 2000 til 2003 starfaði Guðmundur sem sérfræðingur hjá þróunarsviði og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. Frá árinu 2003 til 2007 starfaði Guðmundur sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá Straumi fjárfestingarbanka hf. Guðmundur situr í stjórnnum Heddu eignarhaldsfélags ehf., Bergstaðastræti 27 ehf., K2B fjárfestingum ehf. og BBL II ehf. Guðmundur og maki hans, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, eiga saman félagið K2B fjárfestingar ehf., sem á 6,63% hlut í Kvíku og ræður yfir 133.500.000 hlutum. Guðmundur hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja

Inga Björg Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, ráðgjafi og meðeigandi hjá Attentus mannauður og ráðgjöf ehf. og lögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, var kjörin í stjórn í apríl 2013. Inga Björg er fædd árið 1970. Hún útskrifaðist með Cand. Jur. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1995 og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 2003. Hún er einn stofnenda og hefur starfað hjá Attentus mannauði og ráðgjöf frá árinu 2007, hefur starfað sem lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur frá 2016 og áður hjá Acta lögmannsstofu 2006-2016, var lögmaður hjá DP lögmonnum á árunum 2003-2006 og gegndi stöðu deildarstjóra hjá Eimskipafélagi Íslands árin 1999-2003. Árin 1996-1999 var Inga Björg deildarlögfræðingur og síðar staðgengill starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar. Hún hefur áður setið í stjórnnum Límtrés Vírnets hf., E-Farice ehf., Smellinns eignarhaldsfélags ehf., endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Strætó BS, Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Faxaflóahafna, Sorpu, Félagsbústaða og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Inga er einnig dómari í Félagsdómi og formaður kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Inga á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Hrönn Sveinsdóttir var kjörin í stjórn bankans í mars 2017. Hrönn er fædd árið 1967. Hún útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1992. Hrönn er sjálfstætt starfandi sem meðeigandi og stjórnarmaður í Smart finance ehf. og meðeigandi í Íslandskrónu ehf. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs hjá Sýn hf. Hrönn hóf störf hjá Sýn hf. árið 2005 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Áður hafði hún gegnt sama starfi hjá P. Samúelssyni þar sem hún var einnig starfsmannastjóri. Hrönn hefur áður gengt stjórnarstörfum hjá Almenna lífeyrissjóðnum, Húsasmiðjunni ehf., Farice, P/F Kall í Færeyjum, ISNIC, Mömmu ehf., Ódýra símafélaginu og P. Samúelssyni hf. Hrönn á 0,02% í bankanum ræður yfir 500.000 hlutum, en hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Guðjón Reynisson var kjörinn í stjórn bankans í mars 2018. Guðjón er fæddur árið 1963 og er í dag sjálfstætt starfandi fjárfestir og stjórnarmaður. Á árunum 2008-2017 starfaði hann sem forstjóri Hamleys of London. Á árunum 2003-2008 gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra 10-11 verslananna. 1998-2003 var hann framkvæmdastjóri sölusviðs Tals. Guðjón hlaut MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2002, lauk rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999 og útskrifaðist með Íþróttakennararéttindi á grunn- og framhaldsskólastigi frá Íþróttakennaraskóla Íslands 1986. Guðjón hefur setið í stjórn Festis hf. frá 2014 og Securitas hf. frá 2018. Hann á 0,52% í bankanum og ræður yfir

10.410.789 hlutum í gegnum einkahlutafélag sitt Hakk ehf., en hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Sigurður Hannesson er fæddur árið 1980 og starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Sigurður er með DPhil gráðu í stærðfræði frá Oxford háskóla, BS gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í löggiltri verðbréfamiðlun. Á árunum 2013-2017 starfaði Sigurður sem framkvæmdastjóri á eignastýringarsviði hjá MP banka, síðar Kviku banka. Sigurður var árið 2015 varaformaður framkvæmdahóps stjórnvalda um losun fjármagnshafta og árið 2013 formaður sérfræðingahóps um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila (Leiðréttingin). Á árunum 2010-2013 starfaði Sigurður sem framkvæmdastjóri Júpíters rekstrarfélags og á sviði markaðsviðskipta hjá Straumi fjárfestingabanka á árunum 2007-2010. Sigurður situr í stjórnnum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Auðna-Tæknitorg ehf., Klak innovit ehf., Akkur SI, Sundaboginn slhf., Íslenski byggingarvettvangurinn, Seapool ehf., og BBL 39 ehf. Sigurður er eigandi 8.550.107 hluta í Kviku í gegnum einkahlutafélögin Seapool ehf. og BBL 39 ehf. Sigurður hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL VARASTJÓRNAR KVÍKU BANKA HF.:

Albert Þór Jónsson er fæddur árið 1962. Albert er varamaður í stjórn Kviku síðan í mars 2019. Albert er með Cand. Oecon gráðu í viðskiptafræði og MCF meistaraþáttu í fjármálum fyrirtækja. Albert hefur verið sjálfstætt starfandi við fjármál síðan 2008 en þar áður var hann framkvæmdastjóri hjá FL Group 2005-2007, forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 2001-2005, forstöðumaður verðbréfamiðlunar Fjárvangs 1998-2000, forstöðumaður hjá Landsbréfum við verðbréfamiðlun, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf 1990-1998 og fjármálaráðgjafi hjá Glitni – kaupleigu 1986-1990. Albert er varaformaður stjórnar Regins hf., fasteignafélags. Albert á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Jóhanna Harpa Árnadóttir er fædd árið 1965. Jóhanna er með M.Sc.Eng gráðu í rekstrarverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet og B.Sc. gráðu í byggingatæknifræði af framkvæmdasviði frá Tækniskóla Íslands. Jóhanna starfar sem verkefnastjóri samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærni hjá Landsvirkjun. Á árunum 2014-2015 starfaði Jóhanna sem deildarstjóri umhverfismála hjá umhverfis- og verkfræðisviði Norðuráls. Jóhanna var stundakennari við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík frá 2014-2018. Þá starfaði Jóhanna sem verkfræðingur í framleiðslu hjá Norðurál á árunum 2008-2013, sem verkefnastjóri rekstraráhættu hjá Straumi burðarás fjárfestingabanka á árunum 2006-2008 og sem verkefnastjóri og sérfræðingur á framkvæmdasviði Íslandspóstar hf. á árunum 1999-2006. Jóhanna situr í stjórn Festu frjálsra félagasamtaka um samfélagslega ábyrgð, í loftlagsráði stjórnvalda f.h. Festu, og í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Verkfræðingahús ses. Jóhanna á 1.645 hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.